


Þetta áhættumat er sett fram sem sýnidæmi til leiðbeiningar um hvernig hægt er að greina hættur, meta áhættu og skilgreina stýringar og viðbótarráðstafanir í tengslum við ferðir. Áhættumatíð er ekki tæmandi og kemur ekki í stað þeirrar skyldu ferðapjónustuaðila að framkvæma eigið áhættumat. Hver og einn ferðapjónustuaðili/rekstraraðili ber ábyrgð á að áhættumat taki mið af raunverulegri starfsemi hans, leiðum, áfangastöðum, árstíðabundnum aðstæðum, búnaði, hópastærð og öðrum þáttum sem geta haft áhrif á öryggi.

Dæmi um útfyllt áhættumat fyrir Gullna hringinn - Hópförðabíll

Dags	Þjónusta / vara	Ábyrgðaraðili
1. mars 2026	Gullni hringurinn	Framkvæmdastjóri



Áhættumat						Aðgerðir til að draga úr áhættu						
Hætta	Lýsing áhættu	Stýringar sem eru til staðar	Alvarleiki	Líkur	Áhættugildi	Aðgerðir	Aðgerð	Framkvæmdaraðili	Áætluð lok	Alvarleiki	Líkur	Áhættugildi
Ferðin í heild sinni												
Slæm veður- og akstursskilyrði.	Umferðarslys vegna hálfu eða slæms skyggis.	Veðurspá og upplýsingar um færð á vegum er ávallt skoðað fyrir ferð og ferðaáætlun sveigjanleg.	2	2	4	Nei						
Tröppur í hópförðabíll.	Farþegi getur hrasað eða dottið þegar verið er að fara inn eða út úr rútu.	Í verklagsreglum kemur fram að leiðsögumaður skuli minna farþega á að fara varlega og standa við inngöngudyr þegar farþegar fara inn eða út. Handrið er við tröppur.	2	2	4	Nei						
Undirliggjandi heilsufarsvandamál farþega.	Farþegi getur veikst skyndilega.	Allir leiðsögumenn skulu hafa lokið námskeiði í Fyrstu hjálp 1. Hjartastuðtæki til staðar í bifreið.	2	1	2	Já	Senda leiðsögumönnum áminningu varðandi upprifunarnámskeið fyrir Fyrstu hjálp 1.	Gæða-, öryggis- og umhverfisstjóri.	01.04.26	2	1	2
Kuldi.	Farþegar geta vanmetið aðstæður og ofkælst.	Upplýsingar um viðeigandi klæðnað eru í staðfestingarpósti sem farþegar hafa fengið.	1	2	2	Já	Bæta áminningu í verklagsreglur um að leiðsögumenn skuli fylgjast með farþegum varðandi þetta. Kaupa teppi til að hafa í bílum.	Gæða-, öryggis- og umhverfisstjóri.	01.09.26	1	1	1
Umferð.	Farþegar geta slasast alvarlega ef þeir eru ekki í öryggisbeltum ef umferðarslys á sér stað.	Umferðarlög, leiðsögumaður minnir á öryggisbelti í upphafi ferðar.	3	2	6	Já	Bæta í verklagsreglur atriði um að leiðsögumaður sannreyni að allir farþegar séu með bílbelti spennt og minni á beltanotkun eftir stopp.	Gæða-, öryggis- og umhverfisstjóri.	01.04.26	3	1	3
Fjöldmenni /óvarðir persónulegir munir.	Farþegi getur orðið fyrir fjárhagslegu og tilfinningalegu tjóni vegna vasabjófnaðar.	Skilti sem upplýsa um hættu á vasabjófum eru til staðar.	1	2	2	Já	Bæta í verklagsreglur að leiðsögumaður upplýsi farþega um hættu á vasabjófnaði og að þeir passi vel upp á eigin sínar.	Gæða-, öryggis- og umhverfisstjóri.	01.04.26	1	1	1
Þingvellir												
Hálka á bílastæði.	Farþegi getur runnið í hálku og slasast við útgöngu úr rútu.	Í verklagsreglum kemur fram að leiðsögumaður skuli minna farþega á að fara varlega, sérstaklega ef það er hálka.	2	2	4	Já	Athuga hvort hægt sé að hafa sandpoka meðferðis til að setja sand fyrir framan dyrnar á rútnni ef það er mikil hálka. Bæta í verklagsreglur að bílstjóri standi við útgang til að aðstoða farþega.	Gæða-, öryggis- og umhverfisstjóri.	01.04.26	2	1	2
Hálka eða ójafnt undirlag á göngustígum.	Farþegi getur dottið og slasast vegna hálfu á göngustígum eða ójafns undirlags.	Hálkuvarnir og öryggisleiðbeiningar leiðsögumanns.	2	3	6	Já	Kaupa hálkubrodna sem leiðsögumaður getur boðið til láns ef þörf krefur. Bæta leiðbeiningum varðandi þetta í verklagsreglur.	Gæða-, öryggis- og umhverfisstjóri.	01.09.26	3	1	3
Brattar brúnir, útsýnispallar og sprungur.	Farþegi getur dottið fram af klettum, útsýnispöllum eða ofan í sprungur eða gjótur.	Girðingar, handrið og merkingar á svæðinu.	3	1	3	Já	Bæta við öryggisræðu leiðsögumanns í verklagsreglum, að ekki megi fara yfir girðingar/afmörkun.	Gæða-, öryggis- og umhverfisstjóri.	01.04.26	3	1	3
Fjöldmenni og viðáttumikið svæði.	Farþegi getur orðið viðskila við hópinn og týnst.	Hópskipulag og regluleg talning þátttakenda. Í verklagsreglum kemur fram að leiðsögumaður skuli nefna að ef farþegi týnist skuli hann fara í þjónustumiðstöð á Þingvöllum.	2	1	2	Nei						
Geysir												

Hálka á bílastæði.	Farþegi getur runnið í hálku og slasast við útgöngu úr rútu.	Í verklagsreglum kemur fram að leiðsögumaður skuli minna farþega á að fara varlega, sérstaklega ef það er hálka.	2	2	4	Já	Athuga hvort hægt sé að hafa sandpoka meðferðis til að setja sand fyrir framan dyrnar á rútunni ef það er mikil hálka. Bæta í verklagsreglur að bílstjóri standi við útgang til að aðstoða farþega.	Gæða-, öryggis- og umhverfisstjóri.	01.04.26	2	1	2
Umferð yfir þjóðveg.	Farþegi getur orðið fyrir bíl á leið yfir þjóðveg.	Gangbraut og hraðahindranir.	3	1	3	Já	Bæta við öryggisræðu leiðsögumanns í verklagsreglum; að minna farþega á að fara varlega vegna akandi umferðar.	Gæða- öryggis- og umhverfisstjóri.		3	1	3
Heitir hverir, jarðhiti og gufa.	Farþegi getur brunnið alvarlega ef hann stígur í hver eða nálgast of mikið.	Girðingar, merkingar, stígar, viðvörunarskilti og eftirlit með hóp.	3	1	3	Já	Bæta við öryggisræðu leiðsögumanns í verklagsreglum að sýna þurfi sérstaka varúð við hverina.	Leiðsögumaður.	01.04.26	3	1	3
Hálka eða ójafnt undirlag á göngustígum.	Farþegi getur dottið og slasast vegna hálku á göngustígum eða ójafns undirlags.	Hálkuvarnir og öryggisleiðbeiningar leiðsögumanns.	2	3	6	Já	Kaupa hálkubrodna sem leiðsögumaður getur boðið til láns ef þörf krefur. Bæta leiðbeiningum varðandi þetta í verklagsreglur.	Gæða-, öryggis- og umhverfisstjóri	01.09.26	3	1	3
Fjölmenni.	Farþegi getur orðið viðskila við hópinn og týnst.	Hópskipulag og regluleg talning þátttakenda. Í verklagsreglum kemur fram að leiðsögumaður skuli nefna að ef farþegi týnist skuli hann fara í þjónustumiðstöð á Geysi.	2	1	2	Nei						
Gullfoss												
Hálka á bílastæði.	Farþegi getur runnið til og slasast við útgöngu úr rútu.	Í verklagsreglum kemur fram að leiðsögumaður skuli minna farþega á að fara varlega, sérstaklega ef það er hálka.	2	2	4	Já	Athuga hvort hægt sé að hafa sandpoka meðferðis til að setja sand fyrir framan dyrnar á rútunni ef það er mikil hálka. Bæta í verklagsreglur að bílstjóri standi við útgang til að aðstoða farþega.	Gæða-, öryggis- og umhverfisstjóri		2	1	2
Hálka eða ójafnt undirlag á göngustígum.	Farþegi getur dottið og slasast vegna hálku á göngustígum eða ójafns undirlags.	Hálkuvarnir og öryggisleiðbeiningar leiðsögumanns.	2	3	6	Já	Kaupa hálkubrodna sem leiðsögumaður getur boðið til láns ef þörf krefur. Bæta leiðbeiningum varðandi þetta í verklagsreglur.	Gæða-, öryggis- og umhverfisstjóri	01.04.26	2	2	4
Brattar brúnir og útsýnispallar.	Farþegi getur dottið fram af klettum og útsýnispöllum.	Girðingar, handrið og merkingar á svæðinu.	3	1	3	Já	Bæta við öryggisræðu leiðsögumanns í verklagsreglum, að ekki megi fara yfir girðingar/afmörkun og sýna þurfi sérstaka varúð við fossinn.	Gæða-, öryggis- og umhverfisstjóri	01.04.26	3	1	3
Fjölmenni.	Farþegi getur orðið viðskila við hópinn og týnst.	Hópskipulag og regluleg talning þátttakenda. Í verklagsreglum kemur fram að leiðsögumaður skuli nefna að ef farþegi týnist skuli hann fara í þjónustumiðstöð á Gullfossi.	2	1	2	Nei						